

**261. fundur hafnarstjórnar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn**  
**16. apríl 2025 og hófst hann kl. 12:00.**

**Fundinn sátu:**

Magnús Einar Magnússon formaður, Jóhann Birkir Helgason aðalmaður, Sædís Ólöf Þórsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jóhann Bæring Gunnarsson og Ólafur Baldursson aðalmaður.

**Embættismenn:**

Hilmar Kristjánsson Lyngmo, hafnarstjóri og Arndís Dögg Jónsdóttir, skjalastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Arndís Dögg Jónsdóttir, Skjalastjóri.

**Dagskrá:**

**1. Skipulag á hafnarsvæðum vegna móttöku skemmtiferðaskipa - Sundabakki - 2024100012**

Lögð fram til kynningar gögn um hönnun á móttökuhúsi Sundabakka.

M11 arkitektar koma og kynna hugmyndir sínar að útliti hússins.

*Jón Grétar og Hugrún frá M11 arkitektum mættu til fundar og kynntu hugmyndir sínar að hönnun á móttökuhúsi Sundabakka.*

*Hafnarstjórn þakkar fyrir kynninguna.*

**Gestir**

Jón Grétar Magnússon - 12:00

Hugrún Þorsteinsdóttir - 12:00

Jón Grétar Magnússon og Hugrún Þorsteinsdóttir yfiráttu fund kl: 12:31

**2. Fyrirstöðugarður - Suðurtangi og Norðurtangi - 2023040012**

Lagt fram minnisblað hafnarstjóra, dags. 15. apríl 2025, þar sem kynnt eru þau tilboð sem bárust í gerð fyrirstöðugarðs við Suðurtanga.

*Hafnarstjórn samþykkir tilboð lægstbjóðanda.*

*Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að vinna málið áfram.*

**3. Cruise Iceland - ýmis erindi 2024-2025 - 2024090023**

Kynnt tillaga frá stjórn Cruise Iceland að breytingu á rekstri félagsins.

Lagt verður til á aðalfundi að ráða framkvæmdastjóra í fullt starf þar sem mikil vinna hefur verið og er fyrirsjáanleg.

Jafnframt lagt fram minnisblað hafnarstjóra, dags. 15. apríl 2025, vegna málsins.

*Lagt fram til kynningar og hafnarstjórn leggur til að gert verði ráð fyrir auknum kostnaði í gerð næstu fjárhagsáætlunar.*

**4. Hafnasamband Íslands - ýmis erindi og fundargerðir 2023-2025 - 2023010276**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir Hafnasambands Íslands, frá 470. fundi sem fram fór þann 19. febrúar 2025, og frá 471. fundi sem fram fór þann 28. mars 2025.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:49**

---

Magnús Einar Magnússon

---

Jóhann Birkir Helgason

---

Jóhann Bæring Gunnarsson

---

Ólafur Baldursson

---

Hilmar Kristjánsson Lyngmo

---

Arndís Dögg Jónsdóttir